



## FUNDARGERÐ 505. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 30. september 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fjarfund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, og Valdimar Víðisson.

Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, situr fundinn sem gestur.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Fjárhagsáætlun SORPU bs. og gjaldskrá fyrir árið 2025 lögð fram

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU bs. og gjaldskrám.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina og gjaldskrá með öllum atkvæðum og vísar til eigendafundar til umfjöllunar og afgreiðslu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra, í samræmi við fjárhagsáætlun, að flytja rekstur gashreinsistöðvar SORPU yfir í einkahlutafélagið Metan ehf., sem er í 100% eigu SORPU bs.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að endurfjármagna lán nr. 200687 hjá Íslandsbanka í samræmi við kynningu á fjárhagsáætlun.

#### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 2. október klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:45.